



Reykjavík, 20. maí 2021

**Viðtakandi:** Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

**Sendandi:** Strætó bs., stjórn

**Efni:** *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalístafllokks Íslands um aðgengi fatlaðs fólks að þjónustu Strætó bs. – R21030025*

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 11. mars 2021, var svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalístafllokks Íslands, vísað til umsagnar stjórnar Strætó bs., sbr. 12. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Óskað er eftir upplýsingum um aðgengi fatlaðs fólks að þjónustu Strætó og vagnaflota Strætó bs. Hversu margir strætisvagnar eru í umferð sem nú uppfylla kröfur um aðgengi hreyfihamlaðs fólks? Hversu margir strætisvagnar uppfylla ekki kröfur um aðgengi t.d. hjólastóla? Hvernig er verklagi háttáð í þeim tilfellum þegar farþegi getur ekki nýtt sér þjónustu vegna þess að vagninn er ekki búinn til að taka við farþega sem er hreyfihamlaður og notast við göngugrind eða hjólastól? Hverjar eru verklagsreglur varðandi aðstoð bílstjóra við fatlaða farþega svo sem þá sem notast við göngugrind, hjólastól eða hvíta stafinn? Einnig er óskað eftir upplýsingum um framtíðarsýn og stefnumörkun Strætó í málaflokki er varðar þjónustu við fatlað fólk, er vinna í gangi við að auka aðgengi þessa hóps bæði að vögnum og veittri þjónustu vagnstjóra? Hvenær stendur til að skipta út þeim vögnum sem ekki uppfylla aðgengiskröfur?

**Svar við fyrirspurn:**

Stefna Strætó er að allir vagnar séu aðgengilegir öllum viðskiptavinum. Allir vagnar sem keyptir hafa verið eftir 2004 eru með rampa. Heildarfloti vagna á höfuðborgarsvæðinu eru um 160, af þeim eru 5 vagnar ekki með rampa fyrir aðgengi fólks í hjólastól og 2 af þeim geta ekki tekið við fólki í hjólastól. Þrír af þessum vögnum eru gamlir vagnar sem notaðir eru sem varavagnar og einungis notaðir eins lítið og hægt er og þá aðallega á annatímavöktum, þ.e. milli 07:00 – 10:00 og 14:00 – 19:00, þegar ekki eru til staðar aðrir vagnar, t.d. vegna viðhalds, tjóns o.fl. Keyptir hafa verið færanlegir rampar í þessa 3 vagna og verða þeir staðsettir í bás hjá vagnstjóra. Þeir 2 vagnar sem ekki eru aðgengilegir fólki í hjólastól aka á sömu leið. Þar er hægt að hringja og panta bíl sem tekur hjólastóla. Gert hafði verið ráð fyrir því í áætlunum Strætó að allir vagnar yrðu aðgengilegir öllum viðskiptavinum í síðasta lagi árið 2020. Árið 2018 voru um 12 vagnar án ramps. Hinsvegar hefur Strætó ekki fjárfest í vögnum að neinu ráði árin 2019 og 2020, en almennt hefur verið fjárfest í nýjum vögnum fyrir um 300 milljónir króna á ári undanfarin ár. Árið 2019 var öllum tilboðum hafnað í útboði á vagnakaupum og á árinu 2020 var hætt við alla fjárfestingu vegna tekjufalls út af COVID 19 heimsfaraldrinum.

Það er vinnuregla vagnstjóra að aðstoða við að taka fram rampa og ganga frá þeim aftur. Rampar í vögnum eru handvirkir og þarf að opna með lykli sem staðsettur er hjá vagnstjóra eða



handfangi sem staðsett er á hlera. Skoðað hefur verið hvort sjálfvirkir rafmagnsrampar gætu hentað í vagna hér, en skv. reynslu þjóða með sambærilegt veðurfar og á Íslandi hafa þeir reynst illa og ítrekað bilað og frosið. Verið er að setja upp svokallað neyðarverklag þar sem viðskiptavinur mun geta hringt í neyðarnúmer og fengið bíl ef svo ólíklega vill til að rampar virka ekki.

Strætó hefur unnið með hagsmunasamtökum svo sem ÖBÍ við greiningu á aðgengi að vögnum. Einnig hafa einhver sveitarfélög gert úttekt á aðgengismálum tengt stoppustöðvum. Almennt hefur aðgengið inni í vögnum Strætó verið viðunandi en aðgengi að stoppustöðvum í töluvert mörgum tilvikum verið ábótavant. Það hefur valdið því að viðskiptavinir sem nota hjólastól eða önnur hjálpartæki hafa ekki treyst sér til að nota almenningsamgöngur vegna þeirrar óvissu um að aðgengi frá þeirri stoppustöð sem þeir ætla á sé viðunandi. Einnig er í gangi vinna á vettvangi stjórnar akstursþjónustunnar Pant og Strætó að skoða hvernig hægt er að efla notkun viðskiptavina sem nota hjálpartæki á almenningsamgöngum. Þar hefur jafnframt komið fram að aðgengismál í kringum stoppustöðvar eru ákveðin óvissuþáttur sem flestir halda á lofti.

Í skoðun er hjá Strætó að merkja inn í á leiðarvísinn þær stoppustöðvar sem eru aðgengilegar öllum viðskiptavinum og þannig gert þeim kleift að sjá við skiplagningu ferðar hvort aðgengi sé ásættanlegt. Það liggja hinsvegar ekki fyrir hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu heildstæð skrá yfir hvernig aðgengi er að þeim rúmlega 900 stoppustöðvum serm eru á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er verið að skoða hvort hægt sé ef slík tilvik koma upp að hægt verði að hringja í númer hjá skiptiborði Strætó og panta bíl sem getur tekið við fötluðu fólk í hjólastól.

Til að hægt sé að útrýma vögnum án rampa þarf að fjárfesta í nýjum vögnum og þá að lágmarki 3 vögnum.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Rúnarsson